

Viðauki við samstarfssamning Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um brunavarnir og eldvarnareftirlit dags. 20. desember 2007

1. gr.

Gildistími samningsins, sem skv. uppsögn hans, átti að renna út 31. desember 2020, framlengist til 31.12.2021.

2. gr.

Grein 4 breytist og verður eftirfarandi:

Árlegum kostnaði við rekstur og gjaldfærða fjárfestingu slökkviliðsins og brunavarnir skal skipta á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við brunabótamat fasteigna í hvoru sveitarfélagi. Miða skal við brunabótamat 31. desember ár hvert og kostnaðarskipting vera samkvæmt því hlutfalli næsta almanaksár á eftir.

Skipting þessi gildir einnig afturvirkir fyrir árið 2020.

3. gr.

Grein 7 fellur út en slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar annast, eins og áður, útköll og eldvarnareftirlit á iðnaðarsvæði Norðúrals hf. við Grundartanga.

4. gr.

Auk greiðslu skv. 2. gr. viðauka þessa greiðir Hvalfjarðarsveit kr. 2.000.000.- eingreiðslu árið 2021 inn í rekstur slökkviliðsins og skal þeirri fjárhæð varið til vinnu og samstarfs við rekstraraðila á atvinnusvæðinu á Grundartanga í því skyni að efla og styrkja brunavarnir á svæðinu. Vegna þeirrar vinnu skal stofnaður vinnuhópur sem auk slökkviliðsstjóra skal skipaður tveimur fulltrúum Akraneskaupstaðar og tveimur fulltrúum Hvalfjarðarsveitar.

Vinnuhópurinn mun njóta aðstoðar Ómars Karls Jóhannessonar, lögfræðings hjá Pacta Lögmonnum.

Hvalfjarðarsveit/Akranesi 4. desember 2020

Með fyrirvara um samþykki
sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar

F.h. Hvalfjarðarsveitar



Með fyrirvara um samþykki
bæjarstjórnar Akraness

F.h. Akraneskaupstaðar

